

Fylgiskjal B.
ÓLÖGMÆTAR HINDRANIR.

1. Almennt.

Eftirfarandi aðferðir eru ætlaðar til leiðbeiningar loftförum, sem verða fyrir ólögmætum hindrunum og geta ekki tilkynnt ATS deild um málið.

2. Aðferðir.

2.1 Flugstjóri ætti að reyna að halda áfram flugi sínu eftir heimiluðum ferli og fluglagi a.m.k. þangað til hann getur tilkynnt ATS deild eða hann er kominn inn í ratsjársvæði, nema aðstæður um borð krefjist annars.

2.2 Þegar loftfar, sem hefur orðið fyrir ólögmætri hindrun verður að víkja frá heimiluðum ferli eða úr heimilaðri hæð án þess að geta haft talsamband við ATS, skal flugstjórinn hvenær sem mögulegt er:

- a) reyna að útvarpa aðvörunum á VHF neyðartíðni og öðrum viðeigandi tíðnum, nema aðstæður um borð í loftfarinu krefjist annars. Annan búnað svo sem ratsjársvara um borð, gagnarásir, o.s.frv. ætti einnig að nota, þegar slíkt er vænlegra til árangurs og kringumstæður leyfa og
- b) halda áfram samkvæmt viðeigandi sérreglum um slíkt óvænt atvik, þar sem slíkar aðferðir hafa verið skipulagðar og tilkynntar í ICAO útgáfunni Doc 7030 „Regional Supplementary Procedures“, eða
- c) ef engar viðeigandi svæðisreglur hafa verið gefnar út, halda áfram í hæð, sem er mitt á milli þeirra hæða, sem jafnan eru notaðar í blindflugi í svæðinu, þ.e. jöfnu þúsundi, sé flogið hærra en í FL290, en hálfu þúsundi sé flogið lægra en FL290.

Ath. – Lýsingu á flugbrögðum, þegar hindrað loftfar er einelt er að finna í gr. 3.8 í þessum viðbæti.

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Stöðvarhrepps.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Stöðvarhrepps hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 22. janúar 1992 staðfest breytingu á gildandi aðalskipulagi Stöðvarhrepps frá 13. apríl 1984 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að aðkomuleið að hafnarsvæðinu flyst um það bil 20 m til austurs og að ein lóð á sama svæði er tekin undir verslun og þjónustu í stað iðnaðar.

Umhverfissráðuneytið, 13. febrúar 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.